

Breytingartillaga

við frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2024.

Frá 2. minni hluta fjárlaganefndar (KFrost).

Breytingar á sundurliðun 1:

- Liðurinn 111.1.0 Tekjuskattur einstaklinga og staðgreiðsla hækki um 8.000,0 m.kr.
- Liðurinn 111.3 Fjármagnstekjuskattur hækki um 6.500,0 m.kr.
- Liðurinn 116.1.6 Gjald á bankastarfsemi hækki um 5.000,0 m.kr.
- Liðurinn 141.5.20 Veidigjald fyrir veiðiheimildir hækki um 5.000,0 m.kr.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Samtals m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
12 Landbúnaður			
5. Við 12.10 Stjórnun landbúnaðarmála			
a. Rekstrartilfærslur	18.418,2	2.000,0	20.418,2
b. Framlag úr ríkissjóði	20.413,6	2.000,0	22.413,6
31 Húsnæðis- og skipulagsmál			
6. Við 31.10 Húsnæðismál			
09 Fjármála- og efnahagsráðuneyti			
a. Rekstrartilfærslur	2.800,0	1.400,0	4.200,0
b. Framlag úr ríkissjóði	2.800,0	1.400,0	4.200,0
10 Innviðaráduneyti			
c. Rekstrartilfærslur	9.053,2	1.000,0	10.053,2
d. Framlag úr ríkissjóði	20.070,0	1.000,0	21.070,0

Greinargerð.

Í 1. tölul. er gerð tillaga um 8.000 m.kr. hækkun skatta af launatekjum með því að koma í veg fyrir að launatekjur séu ranglega skráðar sem fjármagnstekjur.

Í 2. tölul. er gerð tillaga um 6.500 m.kr. hækkun fjármagnstekjuskatts.

Í 3. tölul. er gerð tillaga um að liðurinn 116.1.6 Gjald á bankastarfsemi hækki um 5.000 m.kr.

Í 4. tölul. er gerð tillaga um 5.000 m.kr. hækkun veiðigjalda, m.a. með því að endurskoða frádráttarheimildir frá veiðigjaldsstofni og hækka prósentuna.

Í 5. tölul. er gerð tillaga um 2.000 m.kr. tímabundinn stuðning við bændur með þunga vaxtabyrði.

Í a-lið 6. tölul. er gerð tillaga um 1.400 m.kr. hækkun vaxtabóta.

Í c-lið 6. tölul. er gerð tillaga um 1.000 m.kr. hækkun húsnæðisbóta.